

Efni: Aðstaða fyrir heilsurækt við Ásgarð – Hugmyndavinna – Niðurstöður dómnefndar

Þann 15 mars s.l. rann út skilafrestur tillagna um uppbyggingu aðstöðu fyrir heilsurækt við íþróttamiðstöðina við Ásgarð. Að undangengnu forvali var eftirtöldum fyrirtækjum gefinn kostur á að skila inn tillögum:

- RFC ehf (Reebok Fitness Center)
- Sporthöllinni ehf (Sporthúsinu)
- Laugum ehf (World Class)

Tillögur bárust frá öllum þessum fyrirtækjum og uppfylltu þær skilmála þessa skeiðs útboðsferilsins sem nefnt var Hugmyndavinna.

Dómnefnd hefur nú farið yfir tillögurnar og metið þær í samræmi við skilmála hugmyndavinnunnar. Í nefndinni eiga eftirtalin sæti:

- Almar Guðmundsson, formaður
- Björg Fenger
- Gísli Gísli Geir Jónsson

Með nefndinni störfuðu einnig Kári Jónsson ritari nefndarinnar og Þorbergur Karlsson verkfræðingur.

Samkvæmt mati dómnefndar á tillögum þátttakenda er röð þeirra þessi:

1. Sporthöllin ehf (Sporthúsið)
2. Laugar ehf (World Class)
3. RFC ehf (Reebok Fitness Center)

Í samræmi við ákvæði skilmála hugmyndavinnunnar leggur dómnefnd til að eftirtöldum fyrirtækjum verði gefinn kostur á að skila inn endanlegu tilboði:

- Sporthúsinu ehf
- Laugum ehf (World Class)

f.h dómnefndar



Almar Guðmundsson